

Fréttabréf Tourette - samtakanna

September 2004

Kynning á Tourette heilkenni, TS/TS+, sem panta má til grunnskóla

Tourette samtökin á Íslandi vekja athygli stjórnenda, námsráðgjafa, kennara og fagfólks í grunnskólum landsins á fræðsluerindi um Tourette sem grunnskólarnir og aðrir aðilar geta pantað. Þetta er kynning á nýju og vönduðu fræðsluefni um Tourette, sem er að miklu leyti á tölvutæku formi. Þessi kynning hefur nú verið haldin í nokkrum skólum veturinn 2003 til 2004 við góðar undirtektir.

Athygli er vakin á því að þær kennsluáðferðir við kennslu Tourette barna, sem kynningin fjallar um, nýtast einnig vel við kennslu barna með athyglisbrest með ofvirkni (ADHD) og einkenni á einhverfurófinu.

Þeir skólar sem panta kynninguna fá einnig bæklinga um Tourette og tölvugeisladisk (fræðsluefni á ensku sem má fjölfalda) auk fræðsluefnis um Tourette samtökin.

Kjörið er fyrir þá skóla sem fá til sín þessa kynningu að bjóða líka á hana þeim foreldrum barna í skólanum, sem eiga TS barn, ADHD barn, og barn sem á erfitt í skóla.

TILKYNNING UM FRÆDSLUERINDI

Tourette-samtökin hafa látið þýða bandarískt fræðsluefni um Tourette-heilkennið, sem sérstaklega er ætlað til að fræða kennara og annað starfsfólk skóla með það að markmiði að auðvelda þeim starf þeirra og gera það árangursríkara.

Efnið er á glærum og eru jafnframt sýndir stuttir myndbandskaflar til frekari skýringa. Fjallað er á skýran hátt um einkenni Tourette og fylgikvilla þess svo sem athyglisbrest með ofvirkni, árátu-þráhyggjuröskun og námsörðugleika. Einnig er útskýrt hvernig þessir kvillar hafa áhrif á hegðun og árangur barna í skólanum. Þá er farið í aðferðir til að auðvelda þessum börnum námið og minnka líkur á hegðunartruflunum. Þessar aðferðir nýtast einnig vel við kennslu barna með athyglisbrest með ofvirkni og einkenni á einhverfurófi.

Nú er hægt að panta þessa fræðslu í skólana. Fyrirlesturinn tekur um eina klukkustund og kostar 20.000 kr. Fyrirlesari er Íris Árnadóttir sem er kennari og móðir barna með Tourette.

Hægt er að hringja í Írisi og panta kynningu í síma 695 0018 eða senda henni tölvupóst á netfangið irisarn@ismennt.is.



Tilkynning frá Tölvumiðstöð fatlaðra (upplagt að fara með hana í skóla barnsins):
Eftirfarandi [hálf dagsnámskeið fyrir fagfólk og foreldra eru í boði hjá Tölvumiðstöð fatlaðra.](#) Kennari á námskeiðunum er Sigrún Jóhannsdóttir talmeinafræðingur og forstöðumaður Tölvumiðstövar fatlaðra. Skráning í síma 562 9494 eða á netinu sigrun@tmf.is, www.tmf.is
Verð er 4000 kr. fyrir fagfólk og aðeins 2000 kr. fyrir foreldra fatlaðra barna

Athugið forritin henta öllum börnum, fötluðum og ófötluðum.



Leikið og lært

Kynnt verða forrit sem byggja á þrautum og verkefnum sem eru góður undirbúningur fyrir lestur og stærðfræði eins og sjónræn úrvinnsla, minni, fjöldi, form, pörun, röðun og púsl.

Einnig skapandi forrit eins og KidPix teikniforritið. Forritunum er

stjórnað með mús og henta vel fyrir byrjendur á tölvu.

Þátttakendur vinna í litlum hópum og fá þannig góða yfirsýn yfir forritin.


- Þriðjudagur 5. október klukkan 13 - 17
- Mánudagur 11. október klukkan 8.30 - 12.30



Stærðfræði fyrir byrjendur

Telja, para tölur, leggja saman og draga frá í skemmtilegum leikjaforritum. Þátttakendur vinna í litlum hópum og fá þannig góða yfirsýn yfir forritin.

- Miðvikudagur 6. október klukkan 8.30 - 12.30
- Mánudagur 18. október klukkan 13 - 17



Unnið með stafi, lesið og skrifað. Texti, tal og myndir í Windows.

Unnið með forrit fyrir byrjendur í lestri. Sýnt hvernig vinna má með texta, tal og myndir í Windows forritum.

Þátttakendur vinna í litlum hópum í forritunum og æfa sig í að búa til litlar frásagnir með mynd, texta og innlesnu tali.

- Föstudagur 8. október klukkan 8.30 - 12.30
- Þriðjudagur 12. október klukkan 13 - 17
- Mánudagur 25. október klukkan 8.30 - 12.30



Sérbúnaður og forrit

Ýmis sérbúnaður kynntur. Unnið með rofa og forrit sem byggja á orsök og afleiðingu, myndum, hljóði og hreyfingu. Þau henta vel til málörvunar og í hugtakþjálfun. Stutt kynning á hvernig nota má PowerPoint til að búa til verkefni með myndum, tali og hljóði og

stjórna með einum rofa.

- Mánudagur 18. október klukkan 8.30 - 12.30
- Fimmtudagur 21. október klukkan 13 - 17